



Efni: Skýrsla regluvarðar Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. febrúar 2022 til 31. janúar 2023.
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Regluvörður

Meðfylgjandi er skýrsla regluvarðar fyrir tímabilið 1. febrúar 2022 til 31. janúar 2023. Skýrslan er unnin í samræmi við ákvæði 8. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Meðfylgjandi eru jafnframt bókun endurskoðunarnefndar, dags. 13. febrúar 2023, sem lögð var fram eftir framlagningu og kynningu regluvarðar á skýrslunni fyrir nefndina.

Sé þess óskað getur regluvörður kynnt efni skýrslunnar fyrir borgarráði.

Ólöf Marín Úlfarsdóttir, lögfræðingur
regluvörður

Skýrsla regluvarðar Reykjavíkurborgar

fyrir tímabilið 1. febrúar 2022 til
31. janúar 2023

Ólöf Marín Úlfarsdóttir lögfræðingur,
regluvörður
Hrefna Þórsdóttir lögfræðingur, staðgengill
regluvarðar (í leyfi)



Efnisyfirlit

Inngangur	- 2 -
1. Staða regluvarðar hjá Reykjavíkurborg	- 3 -
2. Aðgangur regluvarðar að upplýsingum og gögnum	- 4 -
3. Ágreiningur um mat á upplýsingum	- 6 -
4. Upplýsingar sem birtar voru opinberlega á tímabilinu	- 6 -
5. Frestun birtingu innherjaupplýsinga	- 7 -
6. Mat regluvarðar á viðmiðum um hverja skal setja á lista yfir fruminnherja og hverjir skulu teljast til stjórnenda útgefanda.....	- 8 -
7. Hversu margir leituðu til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar	- 10 -
8. Viðskipti fruminnherja sem regluvörður hefur mælt gegn	- 10 -
9. Viðskipti án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt	- 10 -
10. Fræðsla regluvarðar	- 10 -
11. Samskipti regluvarðar við Fjármálaeftirlitið.....	- 11 -
12. Einstök tilvik sem upp hafa komið	- 11 -



Inngangur

Reykjavíkurborg er útgefandi fjármálagerna sem eru til sölu á skipulegum fjármálamarkaði og ber því lögum samkvæmt að hafa starfandi regluvörð og staðgengil hans. Regluvörður hefur umsjón með að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé fylgt. Á fundi borgarráðs 15. september 2016 voru reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsmanna með fjármálagerna (hér eftir reglur Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga) samþykktar og öðluðust þær gildi sama dag. Þær voru uppfærðar með samþykki borgarráðs þann 24. maí 2018. Reglurnar voru settar í samræmi við ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglur Fjármálaeftirlitsins Seðlabanka Íslands (FME SÍ) nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Tilgangur og markmið reglnanna er að tryggja að meðferð innherjaupplýsinga hjá Reykjavíkurborg sé í samræmi við lög og reglur sem gilda á verðbréfamarkaði og hefur regluvörður umsjón með framkvæmd reglnanna.

Þann 1. september 2021 tóku gildi lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum en grundvöllur þeirra lagasetningar er innleiðing á svokallaðri MAR-reglugerð ESB nr. 596/2014 um markaðssvik og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Með þeim breytingum féllu úr gildi ákvæði þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 er varða innherja og markaðsmisnotkun. Búið er að uppfæra þau ákvæði sem nú eiga við, samkvæmt hinni nýju lagaskipan. Þá eru reglur Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga í heildarendurskoðun og verða lagðar fyrir borgarráð til samþykktar þegar þeirri vinnu er lokið. Reglurnar byggja á reglum FME nr. 1050/2012 sem hafa ekki enn verið gefnar út eftir lagabreytingu 2021. Reglurnar gilda þó enn, að því leyti sem við á, þar til nýjar reglur verða gefnar út.

Regluverði ber eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, að útbúa og kynna skýrslu um framkvæmd regluvörslu fyrir borgarráð í samræmi við 8. gr. reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Í 8. gr. reglna nr. 1050/2012 segir:

„Regluverði ber að leggja fyrir stjórn útgefanda skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.



Í skýrslu regluvarðar gefur hann stjórn annars vegar yfirlit yfir störf sín og hins vegar greinir hann frá einstökum atriðum, ef tilefni er til. Í almennu yfirliti regluvarðar yfir störf hans skal m.a. getið um:

- 1. Stöðu regluvarðar hjá útgefanda,*
- 2. aðgang regluvarðar að upplýsingum og gögnum,*
- 3. úgreining sem verið hefur um mat á upplýsingum (m.t.t. innherjaupplýsinga), ef við á,*
- 4. upplýsingar sem birtar voru opinberlega á tímabilinu,*
- 5. hvort birtingu innherjaupplýsinga hafi verið frestað á tímabilinu og umfjöllun um mat regluvarðar frá frestunartíma, meðal annars m.t.t. varfærinnar meðferðar innherjaupplýsinga,*
- 6. mat regluvarðar á viðmiðum stjórnar um hverja skal setja á lista yfir innherja og hverjir skulu teljast til stjórnenda útgefanda,*
- 7. hversu margir leituðu til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta,*
- 8. hversu oft regluvörður hefur mælt gegn viðskiptum innherja,*
- 9. hvort einhver viðskipti hafi átt sér stað án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt,*
- 10. þá fræðslu sem regluvörður hefur sinnt og á hvaða hátt hún var veitt,*
- 11. samskipti regluvarðar við Fjármálaeftirlitið,*
- 12. einstök tilvik sem upp hafa komið, ef tilefni er til,*
- 13. önnur atriði.*

Þá getur regluvörður lagt fram skýrslu fyrir stjórn vegna einstakra álitaefna ef tilefni er til.

Í framhaldi af skýrslu regluvarðar til stjórnar um framkvæmd regluvörslu skal stjórn útgefanda sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar hjá útgefanda ef þörf krefur.

Þegar regluvörður lætur af störfum, skal hann ávallt skila skýrslu til stjórnar um framkvæmd regluvörslu frá síðustu skýrslu fram til starfsloka. “

Í samræmi við ákvæði 8. gr. reglna nr. 1050/2012 liggur hér fyrir skýrsla regluvarðar frá 1. febrúar 2022 til 31. janúar 2023 (hér eftir tímabilið). Efnistöð og uppbygging skýrslunnar er í samræmi við upptalningu 2. mgr. 8. gr. reglna nr. 1050/2012.

1. Staða regluvarðar hjá Reykjavíkurborg

Regluvörður Reykjavíkurborgar sinnir starfi sínu innan þess lagaramma sem gildir um Reykjavíkurborg sem útgefanda fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Regluvörður hefur það hlutverk að hafa almenna umsjón með að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé fylgt og rækir hann það hlutverk sitt í umboði



borgarráðs. Regluvörður sér um að setja saman, viðhalda og halda utan um skrá yfir varanlega og tímabundna innherja auk þess að hafa eftirlit með viðskiptum innherja samkvæmt II. kafla laga nr. 60/2021.

Þrátt fyrir að regluvörður starfi í umboði stjórnar er í reglum FME nr. 1050/2012 lögð höfuðáhersla á að regluvörður sé sjálfstæður í störfum sínum. Til að sjálfstæði regluvarðar í störfum sé tryggt er nauðsynlegt að hann hafi; aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum; fullnægjandi þekkingu til að geta sinnt starfi sínu á fullnægjandi hátt, t.d. á því hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga út frá þeim lögum og reglum sem gilda; og að önnur störf regluvarðar samrýmist hlutverki regluvarðar.

Á fundi borgarráðs 27. febrúar 2020 var Ólöf Marín Úlfarsdóttir, lögfræðingur fjármála- og áhættustýringarsviðs, skipaður regluvörður og Hrefna Þórsdóttir lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skipaður staðgengill regluvarðar (í leyfi). Hvorug hefur með höndum starf sem tengist með beinum hætti vörslu eða gerð verðmyndandi fjárhagsupplýsinga hjá Reykjavíkurborg. Bæði regluvörður og staðgengill hans uppfylla hæfisskilyrði og hafa fullnægjandi þekkingu til að geta sinnt starfi regluvarðar. Þá verður að telja að reglur Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsingar tryggi að regluvörður hafi aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum líkt og vikið verður að í næsta kafla.

Með samþykkt reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga er ljóst til hvers er ætlast af regluverði og er sjálfstæði regluvarðar tryggt með fullnægjandi hætti með þeim reglum.

2. Aðgangur regluvarðar að upplýsingum og gögnum

Með 6. gr. reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga hefur regluverði verið tryggður ótakmarkaður aðgangur að þeim upplýsingum og gögnum sem regluvörður telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt starfi sínu. Þrátt fyrir að regluverði beri að hafa aðgang að öllum gögnum er ljóst að regluvörður getur ekki alltaf vitað um hvaðeina sem á sér stað sem talist gæti til innherjaupplýsinga og hvílir því sú skylda á starfsmönnum, stjórnendum og kjörnum fulltrúum



að greina regluverði frá slíkum atriðum og halda honum upplýstum. Í 6. gr. er sérstaklega tekið fram að greina skuli regluverði tímanlega frá slíkum upplýsingum.

Jafnframt er í 6. gr. skilgreindar skyldur um að upplýsa regluvörð um hverskonar breytingar sem verða á störfum hjá aðilum sem hlotið hafa stöðu innherja, s.s. ef starfsmaður lætur af störfum og/eða nýr aðili tekur við starfi sem fellur undir viðmið Reykjavíkurborgar um það hverjir skuli skilgreindir innherjar hjá Reykjavíkurborg. Jafnframt skal regluverði tilkynnt ef breytingar á starfi starfsmanna leiðir til þess að hann geti talist innherji.

Í fyrri skýrslum regluvarðar hefur verið greint frá að misbrestur kunni að vera á að regluverði berist slíkar tilkynningar og er svo enn. Þannig mætti vera betur staðið að upplýsingagjöf til regluvarðar t.d. er varðar þá starfsmenn sem eru hættir starfi en einnig um breytingar á starfi sem gerir það að verkum að viðkomandi telst ekki lengur til innherja eða öfugt. Þá hefur undirrituðum regluverði aldrei borist tilkynning frá innherja um að uppfæra þurfi innherjaskráningu viðkomandi t.d. að teknu tilliti til tengdra aðila innherja og öðrum breytingum á innherjaskráningu viðkomandi.

Regluvörður hefur áður ávarpað ákveðna tregðu við að safna upplýsingum vegna innherjaskráningar frá starfsmönnum og kjörnum fulltrúum og hversu seint og illa þær upplýsingar berast regluverði ef þær berast yfirleitt. Þetta hefur skapað ákveðin vandamál við að uppfæra innherjalista reglulega eins og regluverði ber að gera og ekki alveg ljóst hvað veldur. Regluverði hafa þó borist spurningar um verklag við innherjaskráningar og hvort ekki sé hægt að einfalda það ferli. Enn sem komið er eru skráningarlistar á pappírformi og undirritaðar af innherja. Það er því töluverð fyrirhöfn fyrir innherja að prenta út skráningarformið, fylla það út, skanna inn og senda regluverði svo og að senda í pósti/innanhusspósti frumrit skráningarformsins til varðveitingar í skjalasafni. Allt er þetta síðan skráð og skjalað í Hlöðuna. Skrefin eru því ansi mörg sem fylgja slíkum skráningum og viðhaldi á skráningarlistum.

Regluvörður hefur óskað eftir því við þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) að útbúa rafræna lausn við söfnun þessara upplýsinga til að einfalda skráninguna og fækka skrefum í þessu ferli en beiðnin er enn í bið hjá ÞON og óvíst hvort eða hvenær hún verður afgreidd. Yrði það til hægðarauka fyrir alla aðila bæði innherja og regluvörð, við skráningu á innherjaupplýsingum, skráningu á



viðskiptum tengdra aðila vegna ársreikningsskila, sbr. 63. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga svo og við söfnun auðkenna vegna laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka en regluvörður sér um að afla og halda utan um allar þessar skráningar þó að þær heyri ekki beint undir starfssvið regluvarðar sem slíks heldur lögfræðing fjármála- og áhættustýringarsviðs sem er einnig regluvörður. Þá bindur regluvörður vonir við að heimtur verði betri frá innherjum við skil á skyldubundnum upplýsingum vegna stöðu þeirra sem innherja ef einfaldari lausn er í boði við upplýsingagjöfina s.s. rafræn skil. Það skal tekið fram að enn skortir á að nýkjörnir fulltrúar hafi skilað regluverði innherjaskráningu þrátt fyrir fjölda ítrekana þar um og er það óásættanlegt í ljósi stöðu þeirra.

Að öðru leyti er það mat regluvarðar er aðgangur að upplýsingum og gögnum varðandi aðra þætti, s.s. fjárhagslega starfsemi Reykjavíkurborgar, sé vel tryggður svo að regluvörður megi rækja starf sitt eins og lög gera ráð fyrir.

3. Ágreiningur um mat á upplýsingum

Í 13. gr. reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga (sbr. 7. gr. MAR-reglugerðar nr. 597 frá 2014) er að finna nokkuð tæmandi upptalningu á þeim upplýsingum sem geta talist innherjaupplýsingar hjá Reykjavíkurborg. Þar sem upptalningin er nær tæmandi ætti þeim sem vinna með fjárhagsupplýsingar að vera ljóst hvaða upplýsingar teljist innherjaupplýsingar. Hefur enginn ágreiningur komið upp um mat á upplýsingum á tímabilinu.

4. Upplýsingar sem birtar voru opinberlega á tímabilinu

Eftirfarandi upplýsingar voru birtar opinberlega á tímabilinu:



3.3.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg frestar útboði
7.3.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Tilkynning um skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVKG 48 1
9.3.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVKG 48 1
10.3.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Niðurstaða úr skuldabréfaútboði
31.3.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Samningur um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréf Reykjavíkurborgar, RVK 53 1, RVK 32 1, RVKN 35 1 og RVKG 48 1
4.4.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Tilkynning um skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVK 53 1
6.4.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Útboð RVK 32 1 og RVK 53 1
7.4.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Niðurstaða úr skuldabréfaútboði
22.4.2022	Ársreikningur	Reykjavíkurborg - Ársreikningur 2021
2.5.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Tilkynning um skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVKG 48 1
4.5.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Útboð RVK 32 1 og RVK 48 1
5.5.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Niðurstaða úr skuldabréfaútboði
5.5.2022	Ársreikningur	Reykjavíkurborg - Ársreikningur 2021
20.6.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Tilkynning um skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVK 53 1
22.6.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Útboð RVK 32 1 og RVK 53 1
23.6.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Niðurstaða úr skuldabréfaútboði
23.6.2022	Reikningsskil	Rekstraruppgjör A-hluta Reykjavíkurborgar janúar til mars 2022
24.6.2022	Fjárhagsdagatal	Útgáfuáætlun Reykjavíkurborgar fyrir seinni hluta árs 2022
8.8.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Tilkynning um skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVKNG 40 1
10.8.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Útboð RVK 32 1 og RVKNG 40 1
11.8.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Niðurstaða úr skuldabréfaútboði
1.9.2022	Reikningsskil	Árshlutareikningur janúar - júní 2022
5.9.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Tilkynning um skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVK 53 1
7.9.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Útboð RVK 32 1 og RVK 53 1
8.9.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Niðurstaða úr skuldabréfaútboði
6.10.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg samþykkir tilboð Landsbankans um lánaramma
10.10.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Tilkynning um skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVKN 35 1
12.10.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Útboð RVK 32 1 og RVKN 35 1
13.10.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Niðurstaða úr skuldabréfaútboði
1.11.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Tilkynning um skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVKN 35 1
1.11.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 og fimm ára áætlun 2023-2027
3.11.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Niðurstaða úr skuldabréfaútboði
1.12.2022	Reikningsskil	Árshlutareikningur janúar - september 2022
5.12.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Tilkynning um skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVK 53 1
7.12.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Útboð RVK 32 1 og RVK 53 1
8.12.2022	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Niðurstaða úr skuldabréfaútboði
5.1.2023	Fjárhagsdagatal	Útgáfuáætlun Reykjavíkurborgar fyrir fyrri hluta árs 2023
5.1.2023	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg samþykkir tilboð Íslandsbanka um lánaramma
9.1.2023	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Tilkynning um skuldabréfaútboð RVK 32 1 og RVK 53 1
11.1.2023	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Útboð RVKN 35 1 og RVK 53 1
12.1.2023	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Reykjavíkurborg - Niðurstaða úr skuldabréfaútboði



5. Frestun birtingu innherjaupplýsinga

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 1267/2021 um upplýsingagjöf og tilkynningaskyldu svo og 17. gr. MAR-reglugerðarinnar er meginreglan sú að útgefandi skal birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandinn senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þó getur útgefandi á eigin ábyrgð ákveðið, skv. 4. mgr. 17. gr. MAR, að fresta birtingu slíkra upplýsinga til að vernda lögmæta hagsmuni útgefanda að ákveðnum skilyrðum uppfylltum svo sem tiltekið er í a-c liðum málsgreinarinnar. Frestun birtingar skal tilkynna FME SÍ þegar heimild til frestunar er nýtt.

Þann 27. júní 2022 var ákveðið að fresta birtingu upplýsinga um áætlað lokað skuldabréfaútböð sem átti að fara fram þann 29. júní s.á. Óskaði skrifstofustjóri fjárfstýringar eftir því að málið yrði ekki sett á dagskrá borgarráðs heldur tekið utan dagskrár allt þar til fyrir lægi hver niðurstaða útböðsins yrði og hvort tilboðum yrði tekið. Skrifstofu borgarstjórnar var tilkynnt um að óskað yrði eftir að málið yrði ekki skráð á fundadagskrá heldur skráð í trúnaðarbók að um frestun á birtingu upplýsinga væri að ræða á grundvelli 4. mgr. 17. gr. MAR-reglugerðar ESB, sbr. lög nr. 60/2021. Var það samþykkt af skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjórnar. Hætt var við útböðið og málið því ekki tilkynnt til FME en skráð í samskiptaskrá regluvarðar.

6. Mat regluvarðar á viðmiðum um hverja skal setja á lista yfir varanlega innherja og hverjir skulu teljast til stjórnenda útgefanda

Samkvæmt 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga skal borgarráð setja viðmið um hverjir skuli skilgreindir innherjar hjá Reykjavíkurborg. Samkvæmt greininni ber að endurskoða viðmiðið a.m.k. í upphafi hvers kjörtímabils. Núgildandi viðmið voru samþykkt 24. maí 2018 með uppfærðum reglum Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga ásamt fylgiskjali 1 (viðmið Reykjavíkurborgar um hverjir skuli skilgreindir fruminnherjar). Þrátt fyrir gildandi viðmið skilgreindi regluvörður á síðasta ári að auki að stjórnendur, í skilningi laga um verðbréfavíðskipti, skyldu einnig ná til sviðsstjóra fagsviða og staðgengla þeirra svo og þeirra aðila



sem hafa aðgang að svokölluðum „Saltfisk“ sem er fundaumsjónarkerfi Reykjavíkurborgar. Þar er hægt að nálgast m.a. viðkvæm fjárhagsleg gögn og öll þau gögn sem borgarfulltrúar, fulltrúar í ráðum og nefndum og þeir aðilar sem hér hafa verið tilgreindir hafa aðgang að.

Með gildistöku laga nr. 60/2021 eru áherslur breyttar og hugtakanotkun önnur en í tíð eldri laga t.d. er varðar fruminnherja sem nú heyrja sögunni til. Útgefendum er ekki lengur skylt að leggja fram lista yfir varanlega innherja til FME SÍ nema að þeirra beiðni og frumkvæði. Aðeins er gert ráð fyrir að örfáir aðilar séu skilgreindir sem varanlegir innherjar þ.e. þeir sem hafa ávallt aðgang að öllum innherjaupplýsingum sem útgefandi býr yfir. Regluvörður leitað álits Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna þessa sem taldi sig ekki geta gefið nákvæmar leiðbeiningar fyrir einstaka útgefendur um hverjir skyldu skilgreindir samkvæmt þessu. Er það mat regluvarðar að varanlegir innherjar skuli vera sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs, skrifstofustjóri fjárstýringar ásamt tveimur tilgreindum starfsmönnum sömu skrifstofu, regluvörður og lögfræðingur sviðsins, borgarstjórinn í Reykjavík og staðgengill hans ásamt nokkrum lykilstarfsmönnum til viðbótar sem hafa sama aðgang að gögnum. Að öðru leyti er meginreglan sú að útgefendur geri tímabundinn innherjalista þegar innherjaupplýsingar myndast og birti hverju sinni, tímabundið á meðan upplýsingar hafa ekki verið birtar opinberlega. Áfram verður skráning innherja í höndum regluvarðar með sama hætti og áður.

Regluvörður mælir með að á innherjalista séu þeir aðilar sem tilgreindir eru í fylgiskjali 1 með reglum Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga þó með þeim fyrirvara að þegar nýtt fundarkerfi Reykjavíkurborgar verður tekið í notkun með Hlöðunni og Saltfiskurinn ekki lengur í notkun skuli nokkrir aðilar teknir af innherjalistanum eins og hann er nú. Er þar aðallega um að ræða sviðsstjóra og skrifstofustjóra annarra sviða, auk nokkurra annarra, sem ekki munu eiga erindi á listann þegar unnt verður að aðgangsstýra gögnum betur en nú er. Það skal þó tekið fram að ekki eru gerðar minni kröfur til innherja um skyldur þeirra þrátt fyrir að opinberri skráningu hafi verið hætt og skulu þeir gæta ýtrustu varkárni í meðförum innherjaupplýsinga.



7. Hversu margir leituðu til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar

Á tímabilinu hefur enginn leitað til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar.

8. Viðskipti innherja sem regluvörður hefur mælt gegn

Með vísan til þess að enginn hefur leitað til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar hefur regluvörður ekki mælt gegn viðskiptum fruminnherja á tímabilinu.

9. Viðskipti án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt

Regluvörður hefur engar upplýsingar um að innherjar eða aðilar þeim fjárhagslega tengdir hafi átt viðskipti með skráða fjármálagerninga Reykjavíkurborgar án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt. Ekki er til staðar opinber skrá um viðskipti með skráða fjármálagerninga og því getur regluvörður ekki sannreynt hvort nokkur viðskipti hafi átt sér stað án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt.

10. Fræðsla regluvarðar

Í 2. mgr. 23. gr. reglna nr. 1050/2012 segir að regluvörður skuli sjá um fræðslu um lög og reglur er gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Auk þess að regluvörður skuli sérstaklega fræða innherja útgefanda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, annars vegar þegar viðkomandi aðilar fara á lista yfir innherja og síðan reglulega þar á eftir. Þá skal regluvörður meta hvaða starfsmenn, aðrir en innherjar, skulu fá fræðslu um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja m.t.t. meðferðar innherjaupplýsinga hjá útgefanda og hugsanlegrar stöðu þeirra síðar sem tímabundnir innherjar. Í hvert sinn sem regluvörður skráir aðila á lista yfir innherja fær viðkomandi bréf þar sem kynnt eru réttaráhrif þess að vera skráður innherji og þeim skyldum sem því fylgir.



Regluvörður hélt kynningu fyrir nýja borgarfulltrúa þann 2. júní 2022 þar sem farið var yfir skyldur borgarfulltrúa um skráningu á innherjalista og réttaráhrif slíkrar skráningar. Við sama tækifæri var einnig kynning á öðrum skyldum borgarfulltrúa s.s. er snúa að auðkenningu þeirra vegna lánafyrirgreiðslu bæði hjá Lánasjóði sveitarfélaga og viðskiptabanka svo og skráningu þeirra vegna viðskipta tengdra aðila vegna ársreiknings Reykjavíkurborgar. Ákvað regluvörður að nota tækifærið og fræða nýja borgarfulltrúa um þessar skyldur þar sem þær hafa vafist fyrir borgarfulltrúum og gögn borist seint og illa. Enn hafa ekki allir borgarfulltrúar sinnt þessari skráningu þrátt fyrir margar ítrekanir frá regluverði.

Regluvörður leggur árlega fram skýrslu á fundi endurskoðunarnefndar og var það gert 13. febrúar sl. Þá heldur regluvörður árlega kynningu fyrir starfsmenn fjárstýringar um þær reglur sem í gildi eru. Einnig hafa reglurnar verið kynntar öðrum starfsmönnum sem eru á innherjalista svo sem starfsmenn áætlunar- og uppgjörsskrifstofu og fl.

11. Samskipti regluvarðar við Fjármálaeftirlitið

Regluvörður hefur ekki verið beðinn um að afhenda innherjalista eða lista yfir aðila fjárhagslega tengda innherjum til FME SÍ á sl. ári. Ekkert starfsfólk hefur verið skráð/tilkynnt sem tímabundnir innherjar á tímabilinu.

12. Einstök tilvik sem upp hafa komið

Engin einstök tilvik eða frávik komu upp á árinu 2022 sem þurftu sérstakrar skoðunar. Þó frestaði Reykjavíkurborg áður tilkynntu skuldabréfaútboði þann 3. mars 2022, líkt og fram kemur að framan, þar sem enginn borgarráðsfundur var fyrirhugaður í vikunni sem útboð átti að fara fram skv. útgáfuáætlun. Engir eftirmálar urðu vegna þessa. Þá var upplýsingum frestað í eitt skipti á sl. ári eins og greint var frá í lið 5 hér að framan.

Reykjavík, 16. febrúar 2023,
Ólöf Marín Úlfarsdóttir regluvörður